Garðastræti 37
101 Reykjavík

Sími: 519 3300
gamma@gamma.is
www.gamma.is

# Hlutabréfavísitala GAM Management hf. - október 2015

## GAMMA: Equity Index 346,596

*Gengi vísitalna síðasta viðskiptadag í september (sett 100 30. des 2008).*

### Vigtir

| | 1.sep.15 | 1.okt.15 | Breyting |
|---|---|---|---|
| EIK | 4,2% | 4,1% | -0,13% |
| EIM | 3,7% | 3,5% | -0,17% |
| GRND | 8,4% | 8,6% | 0,26% |
| HAGA | 7,8% | 7,8% | 0,00% |
| ICEAIR | 23,5% | 23,9% | 0,37% |
| MARL | 24,1% | 24,7% | 0,58% |
| N1 | 3,3% | 3,2% | -0,05% |
| REGINN | 4,0% | 4,0% | -0,02% |
| REITIR | 9,3% | 8,9% | -0,34% |
| SJOVA | 3,2% | 3,0% | -0,25% |
| TM | 2,6% | 2,4% | -0,13% |
| VIS | 3,4% | 3,3% | -0,14% |
| VOICE | 2,5% | 2,5% | 0,01% |
| | 100,00% | 100,00% | |




Markaðsverðmæti vísitölunnar hækkaði um 34 ma. í mánuðinum og er nú 629 milljarðar.

Meðaldagsvelta vísitölunnar var um 1,6 milljarður í september.

### Ávöxtun

Hlutabréfavísitala GAMMA hækkaði um 5,7% í september. Vísitalan hefur hækkað um 33,9% það sem af er ári og 50,2% sl. 12 mánuði.

Mest hækkuðu bréf í Granda (+9,0%) og Marel (+8,2%). Mest lækkuðu bréf í Sjóvá (-2,4%). Mánaðaryfirlitið með ítarlegri upplýsingum má finna hér.

| | GAMMA: EQI |
|---|---|
| 3m | 13,1% |
| 6m | 25,5% |
| 1y | 50,2% |
| ytd | 33,9% |







### Um hlutabréfavísitölu GAMMA

*Hlutabréfavísitala GAMMA er reiknuð og birt af GAM Management hf., óháðu og sérhæfðu ráðgjafar- og sjóðastýringarfyrirtæki með starfsleyfi frá FME sem tekur til reksturs verðbréfasjóða og fjárfestingarráðgjafar. Vísitalan sýnir heildarávöxtun útgefinna hlutabréfa, hlutfallsvigtað miðað við flotleiðrétt markaðsverðmæti hvers bréfs í hlutfalli af heildar flotleiðréttu markaðsverðmæti hlutabréfa í vísitölunni. Heildarávöxtun þýðir að arðgreiðslur eru í raun endurfjárfestar aftur í vísitölunni. Sjá nánar í Hlutabréfavísitala GAMMA - aðferðafræði.*

Fyrirvari: Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. Mat, álit og forspár endurspegla eingöngu skoðanir þeirra starfsmanna GAM Management hf. sem vinna umfjöllunina og eru þær settar fram eftir bestu samvisku miðað við útgáfudag og kunna að breytast án fyrirvara. Þó svo upplýsingar þær sem birtast í þessari umfjöllun komi frá heimildum sem við teljum vera áreiðanlegar og þó svo við höfum lagt okkur fram um að tryggja áreiðanleika upplýsinganna á útgáfudegi þá ábyrgjumst við ekki beint eða óbeint notagildi þeirra varðandi forspá um framtíðarávöxtun eða mat á núverandi verðgildi eða framtíðarverðgildi verðbréfa. Umfjöllunin ætti hvorki að skoðast sem fullnægjandi lýsing á þeim verðbréfum né á þeim mörkuðum sem hér er vitnað til. Skoðanir, sem látnar eru í ljós, kunna að vera ólíkar skoðunum á sama efni sem látnar eru í ljós af öðrum starfsmönnum GAM Management hf. og stafar það af því að beitt er mismunandi forsendum eða aðferðafræði. Almennt fylgir áhætta fjárfestingu í verðbréfum og verðbréfasjóðum og athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.